

Ed. 426. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. l. nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein sem orðist svo:
 1. tölul. 67. gr. laganna orðist svo:

Af tekjuskattsstofni reiknast 26,75% á mánaðartekjur upp að 62 þús. kr. en 38% á það sem er umfram 62 þús. kr.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 188 þús. kr.
3. Við 9. gr.
 - a. 2. mgr. C-liðar orðist svo:

Húsnæðisbætur skulu vera 50 000 kr. á ári fyrir einstakling sem kaupir eða byggir íbúðarhúsnæði skv. 1. mgr.
 - b. Við C-lið bætist ný mgr. sem verði 10. mgr. og orðist svo:

Rétt til húsnæðisbóta eiga og þeir sem sannanlega greiða húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota.
4. Við 14. gr., bráðabirgðaákvæði I.
 - a. Í 1. mgr. falli brott orðin „í allt að sex ár talið frá og með álagningarárinu 1988“.
 - b. Á eftir 4. mgr. komi ný mgr. sem orðist svo:

Skattstjóri skal áætla vaxtaafslátt samkvæmt framtali skattgreiðanda strax og umsókn berst, en þó eigi síðar en í ágúst ár hvert.